Fullgild rafræn undirskrift
AUÐUR EYBERG HELGADÓTTIR
2026-11-17 08:14:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
FREYR ÆVARSSON
2026-11-17 11:29:51 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Nesvegur 5 ehf.
Hellnafelli 6
Grundarfjörður 350
Ísland

17. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3455

Efni: Reglubundið eftirlit þann 13. maí 2026 hjá Nesvegi 5 ehf.

Þann 13. maí 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Nesveg 5 ehf., á Ásmundarnesi . Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Átta ný frávik og eitt eldra frávik komu fram varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.4 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. maí 2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Fullnægjandi ársyfirliti fyrir árið 2025 var skilað inn 7. október 2026 og er frávikinu lokað.*	**Lokað**
gr. 4.4 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. maí 2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Ársyfirlit fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026. Ársyfirliti fyrir árið 2025 var skilað inn 7. júní 2026 og er því frávikinu lokað.*	**Lokað**
gr. 4.5 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. maí 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.	**Lokað**

	Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2025 bárust Umhverfis- og orkustofnun 7. október 2026 og er frávikinu lokað.	
gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. maí 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Mæla skal magn heildarfosfórs og heildarköfnunarefnis við inntak vatns í stöðina og viðútrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki, Einungis var framkvæmd sýnataka í lágmarksfóðrun.*	**Opið**
gr. 3.11 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. maí 2026 Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, þannig að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið. *Efni voru geymd inni í sal án lekabytta þegar eftirlitið fór fram 13. maí 2026. Umhverfis- og orkustofnun bárust myndir frá rekstraraðila þar sem lekabyttur eru komnar undir efnin og er frávikinu því lokað.*	**Lokað**
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. maí 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Rekstraraðili skal skila inn útreikningum vegna fosfórs og niturlosunar í frárennsli, engir útreikningar bárust Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí 2026. Útreikningar bárust Umhverfis- og orkustofnun 7. október 2026 og er frávikinu lokað.*	**Lokað**
gr. 3.5 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. maí 2026 Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið. *Engar myndir voru teknar árið 2025. Myndir voru teknar 7. október 2026 og er frávikinu því lokað.*	**Lokað**
gr. 3.10 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 15. júní 2023 Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annað hvort beint til endurnýtingar eða í söfnunar- eða móttökustöð og þaðan til endurnýtingar eða förgunar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga.	**Opið**

	Í eftirliti árið 2023 kom fram að rekstraraðili hafi urðað tvær tunnur af dauðfiski á svæðinu.	
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. maí 2026 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun á fosfór í viðtaka má ekki fara fram úr 10 kg/tonn. Fosfórlosun árið 2025 var 12.8 kg/ tonn.*	**Opið**

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. desember 2026.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur í teymi eftirlits